

Ágúst Einarsson

Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi

Grein byggð á erindi
á málstofu viðskiptadeildar Háskóla Íslands 13. sept. 2016

Fiskveiðar og fiskvinnsla hafa fylgt manningum frá ómunatíð og verið mikilvægur þáttur í fæðuöflun hans.



Mynd 1. Hringur fiskimannsins


Fiskveiðar og hafið hafa ætíð haft þýðingu í trúarbrögðum, menningu og listsköpun. Dæmi um þetta er hringur fiskimannsins, sem sést á mynd 1, en páfinn ber hann. Hringurinn er tilvísun í Símon Pétur fiskveiðimann, einn lærisveina Jesús.

Sjávarútvegur sem atvinnugrein býr nú á tímum víðast hvar við svipaðar aðstæður og aðrar atvinnugreinar þar sem markaðslögmálin, með eftirspurn, framboði og fyrirkomulagi eignarréttar, gegna lykilhlutverki. Hagfræði sem vísindagrein hentar mjög vel til að lýsa og greina sjávarútveg og einstaka þætti hans.

Fiskur er eina villta dýrið sem enn er veitt í umtalsverðu magni til matar. Flest önnur dýr og plöntur eru alin eða ræktuð á afmörkuðum svæðum. Fiskur er viðkvæm vara og því þarf að vanda vel til verka í sjávarútvegi.


Ýmsar þjóðir veiddu mikið hér við land, allt frá 14. öld og langt fram á 20. öld. Sjávarútvegur var þó ekki stundaður í stórum stíl af Íslendingum fyrr en í lok 19. aldar. Íslendingar stunduðu sjávarútveg lengi sem hliðarbúgrein við landbúnað. Íslenskir valdhafar reyndu að halda sjávarútvegi í skefjum og margt var gert til að

tefja fyrir örari þróun sjávarútvegs sem aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, meðal annars með því að halda vinnufólki í sveitum við sárafátækt og hindra þéttbýlismyndun við sjávarsíðuna. Hinir fáu stórbændur, helstu valdamenn landsins, tryggðu sér með þessu ódýrt vinnuafli.



Mynd 2: Hlutdeild landbúnaðar á íslenskum vinnumarkaði 1870–2015

Gífurlegar atvinnubreytingar urðu á 20. öld og þéttbýlisstaðir byggðust hratt upp enda var þá fólksfjöldun mikil hérlendis og erlendis. Landbúnaður fór úr að vera 80% af vinnumarkaðnum í aðeins 2% á rúmum 140 árum, samanber mynd 2.



Mynd 3: Hlutfall íbúa landsins í þéttbýli og strjálbýli 1890–2016

Miklar búsetubreytingar hafa orðið á rúmum 100 árum og þéttbýli fór úr 12% af búsetu í 94% á um 130 árum, samanber mynd 3. Sjávarútvegur varð aðalatvinnuvegur þjóðarinnar á 20. öld og þá hófst langt skeið framfara og

velmegunar hérlendis og lífskjör bötnuðu verulega. Þjóðin færðist frá örbirgð til allsnægta.




Mynd 4: Breska freigátan HMS Scylla siglir á varðskipið Óðin í þorskastríðinu í apríl 1976

Farsælasta ákvörðun hins unga lýðveldis eftir 1944 var að færa út landhelgina og tók um þrjá áratugi að ná fullum yfirráðum á Íslandsmiðum og útlendingar hurfu nær alveg af miðunum eftir 1976. Landhelgismálið er líklega eina sviðið þar sem Íslendingar hafa lagt verulegan skerf til heimssögunnar fyrir utan bókmenntaarfinn. Á mynd 4 sjást átök úr síðasta þorskastríðinu.

Land	2003		2012	
	Röð	Afli í milljónum tonna	Röð	Afli í milljónum tonna
Kína	1	12,2	1	13,9
Indónesía	5	4,3	2	5,4
Bandaríkin	3	4,9	3	5,1
Perú	2	6,1	4	4,8
Rússland	7	3,1	5	4,1
Japan	4	4,6	6	3,6
Indland	8	3,0	7	3,4
Chile	6	3,6	8	2,6
Víetnam	14	1,6	9	2,4
Myanmar	17	1,1	10	2,3
Noregur	10	2,5	11	2,1
Filippseyjar	11	2,0	12	2,1
S-Kórea	13	1,6	13	1,7
Taíland	9	2,7	14	1,6
Malasía	15	1,3	15	1,5
Mexíkó	16	1,3	16	1,5
Ísland	12	2,0	17	1,4
Marokkó	18	0,9	18	1,2


Mynd 5: Stærstu sjóveiðipjóðir heims 2003 og 2012 og afli þeirra í milljónum tonna

Ísland er meðal mestu fiskveiðipjóða heims í magni talið og er það umtalsverður árangur hjá ekki fjölmennari þjóð, samanber mynd 5. Árið 2003 vorum við í 12. sæti og 2012 í 17. sæti. Langstærsta fiskveiði- og fiskeldisþjóð í heimi eru Kínverjar, fjölmennasta þjóð veraldar. Athyglisvert er að 62% af öllu eldi sjávarfangs er framleitt í Kína. Hollusta fisks þykir mikil og fiskhold er ríkt af fitusýru og eggjahvítu efni og er ekki fitandi fæða enda þótt hún sé næringarrík. Þetta er mikilvægt þegar horft er til hins vaxandi vandmáls offitu í hinum vestræna heimi.




Mynd 6: Heimsaflinn í milljónum tonna 1950–2013

Á mynd 6 sést fiskafli úr sjó á heimsvísu frá 1950 til 2013. Þar kemur fram að aflinn fór úr 18 milljónum tonna í um 90 milljón tonn á rúmum 60 árum.




Mynd 7: Eldi sjávarfangs á heimsvísu í milljónum tonna 1950–2013

Á mynd 7 sést fiskeldi á heimsvísu í milljónum tonna frá 1950 til 2013. Það fór úr nær engu í tæp 100 milljón tonn á rúmum 60 árum.




Mynd 8: Heildarafla við Ísland í tonnum 1905–2014

Mynd 8 sýnir heildarafla við Ísland frá 1905 til 2014 og þar sést vel að fiskafli við Ísland einkennist af miklum sveiflum.



Mynd 9: Hlutdeild útlendinga og Íslendinga í veiðum við Ísland 1905–2014


Mynd 9 sýnir hlut útlendinga í veiðum við Ísland frá 1905 til 2014. Þar sést að hlutdeild útlendinga var mjög stór á fyrri hluta síðustu aldar, nema á styrjaldarárunum. Hún hraðminnkar hins vegar eftir miðja öldina og fer í 70% af heildarveiðinni árið 1905, 56% árið 1954, 2% árið 1980 og 4% árið 2014.



Mynd 10: Þorskaflí við Ísland í tonnum, skipt milli Íslendinga og útlendinga 1905–2014


Þorskur er langmikilvægasta fisktegundin við Ísland. Eins og sést á mynd 10 hefur þorskaflinn minnkað mikið síðustu áratugi en hann var 520 þúsund tonn árið 1933. Mesti þorskaflí við Ísland, tæp 550 þúsund tonn og fékkst árið 1954. Eftir 1981 hefur aflinn minnkað mikið vegna ofveiði og var hann um 220 þúsund tonn árið 2014 en þorskaflinn hefur verið á uppleið hin síðustu ár, samanber mynd 10. Margt bendir til að þorskaflinn geti aukist verulega á næstu árum.

Grindvíski nútímaþorskurinn



Mynd 11: Grindvíski nútímaþorskurinn

Á mynd 11 sést grindvíski nútímaþorskurinn en myndin sýnir vel hvernig sífellt er búið til verðmætari afurðir úr hverjum þorski.



Mynd 12: Virðiskeðja í sjávarútvegi

Virðiskeðja í sjávarútvegi er sýnd á mynd 12. Framleiðsla gerist í nokkrum þrepum með einkennum og stuðningsþáttum. Þrepin eru útgerð, fiskvinnsla, dreifing, smásala og neytendur. Neytendur eru ekki eiginlegur hluti virðiskeðjunnar en þeir eru á enda hennar. Einkenni hvers þreps sjást í neðri hluta myndar 12. Stuðningþættir eru fjármögnun sem þarf á öllum þrepum, menntun og þjálfun svo og þjónusta.



Mynd 13: Uppsetning á nýttísku vélbúnaði frá Skaganum fyrir makrílvinnslu í Færeyjum


Sjávarútvegur nútímans er víða mjög tæknivæddur og hafa Íslendingar tekið virkan þátt í gerð búnaðar fyrir sjávarútveg og má þar nefna net, ker, vogir og margvíslegan vélbúnað, samaber mynd 13. Sjálfvirkni hefur aukist verulega í veiðum og vinnslu og er það í samræmi við þróun í öðrum atvinnugreinum um allan heim. Þetta hefur leitt til þess að framleiðni í sjávarútvegi hefur batnað gríðarlega og þörf fyrir vinnuafli minnkað. Öll þessi tækniþróun í veiðum og vinnslu hefur verið mjög þýðingarmikil og leitt til aukinna gæða, lækkunar á kostnaði og gert Íslendinga að stórveldi í mörgum greinum tengdum sjávarútvegi.



Mynd 14: Nútímavélbúnaður í fiskvinnslu frá Marel


Tækni framfarir á þessum sviðum, samaber mynd 14, verða mjög miklar á komandi árum en ekki er gerlegt að sjá þær allar fyrir.

Sífelld er leitast við að ná sem mestum verðmætum úr afurðum sem eru framleiddar úr aukahráefni og er til dæmis lyfjagerð ekki óalgeng í tengslum við sjávarfang.



Mynd 15: Aflaverðmæti íslenskra skipa 1982–2015 í milljörðum króna á verðlagi ársins 2015


Aflaverðmæti íslenskra skipa hefur tvöfaldast á sambærilegu verðlagi síðustu rúm 30 árin, samanber mynd 15. Þetta er góður árangur og sýnir að aðgæsla hefur verið sýnd við veiðarnar og ráðgjöf fiskifræðinga verið fylgt í meginatriðum, auk þess sem betri skipulagning við veiðar og vinnsla skilar sér í meiri verðmætum.



Mynd 16: Fjöldi sjómanna, fjöldi skipa og báta, stærð flotans í hundrad brúttótonnum, árin 1982, 1990, 2000, 2010 og 2015


Á mynd 16 er sýndur fjöldi sjómanna, fjöldi skipa og stærð flotans á tilteknum fimm árum. Fjöldi sjómanna, sem hafa sjómennsku að aðalstarfi, var 5.700 árið 1982, rétt áður en kvótakerfið var tekið upp. Sjómönnum fjölgaði síðan og árið

1990 voru þeir 6.700 talsins. Árið 1990 er kvótakerfið tekið upp sem almenn regla við allar veiðar þótt kerfi smábáta hafi verið lengi að þróast og hluti þeirra utan kvóta, svo sem strandveiðar. Frá 1990 hefur skipum fækkað verulega, eða úr um 2.300 í um 1.650 og sjómönnum hefur fækkað um þriðjung, það er úr 6.700 í 4.100. Flotinn hefur einnig minnkað í brúttótonnum talið síðustu áratuginna, samanber mynd 16.



Mynd 17: Vísitala fyrir framleiðni vinnuafls við fiskveiðar og fiskvinnslu 1982–2014

Á mynd 17 er framleiðni eða afköst vinnuafls sýnd og hefur hún nær þrefaldast á síðustu rúmum 30 árum og er það mjög mikið.




Mynd 18: Vísitala fyrir framleiðni fjármagns við fiskveiðar og fiskvinnslu 1982–2014

Á mynd 18 er sýnd framleiðni fjármagns sem hefur nær tvöfaldast á síðustu rúmum 30 árum, sem er góður árangur. Hafnir á Íslandi eru um 80 talsins en 20 stærstu þeirra eru með langstærstan hlut af löndunum, bæði í magni og verðmæti. Vestmannaeyjar eru stærsti útgerðarstaður landsins.




Mynd 19: Fóðrun eldisfisks í Singapore

Fiskeldi, samanber mynd 19, er mjög vaxandi atvinnugrein á heimsvísu, einkum í Asíu og Ameríku, enda er eldisfiskur vinsæll matur. Fiskeldi er mun minna héraðis en til dæmis í Noregi og Færeyjum og eru vannýtt sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi. Leggja þarf miklu meiri áherslu á fiskeldi en nú er gert og auka rannsóknir á því sviði. Það er vart fyrirgefandlegt hve Íslendingar hafa setið af sér mörg tækifæri á þessu helsta sóknarsviði sjávarútvegs í heiminum á undanförunum árum og áratugum.



Mynd 20: Stærð 56 daga gamals kjúklings 1957 og 2005


Framfarir í kynbótum hafa verið miklar í landbúnaði alla tíð og hafa þær auðvitað verið nýttar í fiskeldi í stórum stíl. Á mynd 20 sjást framfarir í kjúklingaeldi. Kjúklingur sem var 900 grömm árið 1957 er orðinn 4,2 kg árið 2005 en báðir eru kjúklingarnir nær tveggja mánaða gamlir.



Mynd 21: Hefðbundinn Atlantshafslax og erfðabreyttur Atlantshafslax

Erfðabreytingar eru miklu algengari en áður var og erfðabreyttar plöntur eru nú víða notaðar. Erfðabreytt matvæli eru litin hornauga af mörgum og mikil andstaða er við erfðabreytt matvæli í Evrópu. Á mynd 21 eru tveir laxar, báðir 18 mánaða gamlir. Sá stóri er erfðabreyttur en hinn ekki. Ef erfðabreyttur fiskur verður hins vegar miklu ódýrari en veiddur villtur fiskur og ef hann verður tekinn í sátt af neytendum, getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir afkomu hefðbundinna fiskveiða og fiskveiðipjóða og á það einnig við um Íslendinga.

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1984




Mynd 22: Forsíða rits Hafrannsóknastofnunar frá 1983

Fiskveiðum þarf að stjórna umfram það sem gengur og gerist í efnahagslífinu. Á mynd 22 sést vel hnignun þorsksstofnsins á árunum fyrir 1983. Hnignunin leiddi til upptöku kvótakerfisisns árið 1984. Álitamál, eins og veiðimagn, stjórnkerfi veiða, gjald fyrir veiðileyfi, eignarréttur, framsal, veðsetning veiðiheimilda og byggðamál, eru fjölmörg og fá mál hafa valdið jafn miklum deilum hérlendis síðustu áratugina og stjórnun fiskveiða.



Mynd 23: Brottkast á fiski um borð

Almenn samstaða ríkir meðal sérfræðinga í auðlindahagfræði um að viðskipti með aflaheimildir skipta miklu máli hvað varðar hagkvæmni í sjávarútvegi. Reynsla af framsali rennir einnig stoðum undir þessa skoðun. Viðskipti með aflaheimildir grisja úr þá aðila sem síður standa sig í veiðum og hleypa þeim að sem standa betur að vígi. Framsal kvóta er hins vegar ekki sársaukalaust fyrir atvinnuöryggi á einstökum stöðum og vandinn magnast þegar afli minnkar. Brottkast, samanber mynd 23, er vandamál en það virðist vera meira víða annars staðar en hérlendis.




Mynd 24: Flottrollið Gloría XBreið frá Hampiðjunni

Athyglisvert er að skoða stærð veiðarfæra. Á mynd 24 sést flottroll í samanburði við Hallgrímskirkju en það var hannað til að losna við síld sem meðafla á markílveiðum. Svipuð stjórnkerfi og við veiðar hérlendis eru notuð erlendis og þetta fyrirkomulag er í sókn á heimsvísu. Um aldamótin síðustu voru fimm ríki með kerfi einstaklingsbundinna og framseljanlegra aflahlutdeilda en um 2010 voru 22 ríki sem stýrðu veiðum með þessum hætti og veiddu þau um fjórðung af heimsaflanum. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið þykir gott að mati sérfræðinga erlendis og er talið hagkvæmt. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur skilað miklum verðmætum en greiða á herra veiðileyfagjald en nú er gert.




Mynd 25: Að stjórna fiskveiðum er ekki einfalt

Mynd 25 sýnir fiskmergð í sjó og það er ekki auðvelt að stjórna veiðum á einstökum tegundum. Deilurnar um skiptingu auðlindarentunnar hafa sýnt að frekari þörf er á rannsóknum á afkomu sjávarútvegs og það vantar gögn sem birtast tímanlega fremur en seint. Það koma upp margs konar vandkvæði og álitamál við að meta auðlindarentuna og stjórnvöld ættu að stuðla að rannsóknum á þessu sviði og tryggja öflun sundurliðaðra haggagna. Helstu deilur á vinnumarkaði áður fyrr voru ekki aðeins um kaup og kjör heldur hver kjörin væru og kaupíð. Þessar deilur voru ekki settar niður fyrr en aðilar komu sér saman um fyrirkomulag kjararannsókna og þannig urðu til gögn og rannsóknarniðurstöður sem ekki voru deilufni.



Mynd 26: Hlutdeild veidds afla án fiskimjölsvinnslu sem fer ísaður í flug og í aðra vinnslu hérlendis 1982–2014

Ný vinnsluleið hefur rutt sér til rúms héraendis síðustu 25 ár, samanber mynd 26, en hún er sú að senda fersk flök, einkum þorsk, með flugi til útlanda. Hlutdeildin var engin í upphafi tímabilsins en þessi vinnsla hófst árið 1990. Hlutdeildin jókst hratt og varð 8% í lok tímabilsins, eins og sést á mynd 26, en það er umtalsvert. „Flugfiskur“ er oftast flök, flakabitar eða hnakkar, sem eru framleidd fyrir tiltekna kaupendur í útlöndum, einkum í Frakklandi og Bandaríkjunum. Um er að ræða gæðavöru á háu verði enda er flutningskostnaður með flugi alls ekki lítill. Fjórfað dýrara er að flytja hvert kílógramm af fiski með flugi en með skipi. Þessi ráðstöfun hefur gert innlendum vinnsluáðilum kleift að eignast viðskiptavinum erlendis sem eru nálægt endanlegum neytendum.



27: Vinnuafli í fiskvinnslu 1982–2015

Starfsfólki í fiskvinnslu hefur fækkað mikið, eða úr 9.800 árið 1982 í 6.700 árið 2001 og 2015 er fjöldinn 3.900 manns, samanber mynd 27. Þetta eru gífurlegar breytingar og sýna þær mikla hagræðingu því að aflinn hefur aukist á tímabilinu svo og vinnsluverðmætið.



Mynd 28: Fiskmarkaður Vestmannaeyja í árdaga fiskmarkaða

Mynd 28 sýnir Fiskmarkað Vestmannaeyja í upphafi starfseminnar. Fiskmarkaðirnir voru fyrsta skrefið í átt að því að fiskverð varð almennt frjálst. Þeir heppnuðust mjög vel og strax urðu mikil umsvif í tengslum við markaðina. Fiskmarkaðirnir og breyttur tíðarandi leiddi til þess að hið gamla kerfi einkaleyfa var afnumið og þá gat hver sem er flutt úr sjávarfang. Hér munar einnig um fyrirtæki frystitogara sem kusu fljótt að annast sölu sinna afurða sjálf.



Mynd 29: Saltfiskur á markaði í Barcelona á Spáni

Mynd 29 sýnir saltfisk á markaði í Barcelona á Spáni. Stofnun sölusamtaka Íslendinga í sjávarútvegi á fyrri hluta 20. aldar var mikið gæfuspor á sínum tíma

og lyftu samtökin grettistaki í sölu sjávarafurða. Nú á tímum er sviðið breytt, stóru samtökin heyra sögunni til og markaðssetningin byggist á því að bjóða upp á ólíkar vörur, í mismunandi útfærslum og gæðum. Þá hafa markaðir einnig stækkað og samkeppnin aukist um leið en nú skiptir sveigjanleiki, hreyfanleiki og nánd við viðskiptavininn öllu og menn uppskera eins og þeir sá. Samhliða framangreindri þróun ruddu innlendir fiskmarkaðir sér til rúms og markaðsmál og sala afurða færðust inn í fjölda sjávarútvegsfyrirtækja.



Mynd 30: Humarveisla á Höfn í Hornafirði

Áherslan í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár hefur verið í átt að hágæðavöru sem seld er á háu verði, líkt og áður hefur verið fjallað um, samanber mynd 30. Þannig er stöðugt reynt að vinna fiskinn til manneldis, bæta nýtingu fiskholdsins og vinna í þær pakkningar eða á þá markaði sem skila góðu verði og reynt er að komast sem næst viðskiptavininum.



Mynd 31: Flutningaskip frá danska skipafélaginu A.P. Møller – Mærsk

Flutningsmáti getur skipt miklu, eins og risastórum gámaskipum, samanber mynd 31. Í vaxandi mæli er fiskur fluttur með flugvélum sem er dýrt en skilar vörunni fljótt og ferskri á áfangastað. Nálægð við Keflavíkurflugvöll hefur leitt til samkeppnisforskots fyrir fiskvinnslufyrirtæki þar. Auglýsingar eru mikilvægur þáttur í markaðssetningu svo og nákvæm áætlanagerð ásamt skilvirkri eftirliti. Nýjar tegundir hafa síðustu ár verið veiddar og unnar hér á landi, eins og túnfiskur, sem er ein algengasta fisktegund heims en hún hafði ekki áður verið nýtt héraendis.

	Sjávarútvegur	Stóriðja	Ferðaþjónusta	Annað	Samtals
2009	26%	22%	9%	43%	100%
2010	26%	26%	8%	40%	100%
2011	27%	24%	9%	40%	100%
2012	27%	22%	11%	40%	100%
2013	26%	21%	27%	26%	100%
2014	23%	20%	29%	28%	100%
2015	23%	20%	31%	26%	100%

Mynd 32: Hlutdeild atvinnugreina í útflutningstekjum 2009–2015

Hefðbundinn sjávarútvegur, veiðar og vinnsla, hefur verið uppspretta stærsta hluta gjaldeyris- eða útflutningstekna landsmanna í meira en heila öld en hin síðari ár hafa fleiri atvinnugreinar bæst við og nú skilar ferðaþjónustan meiri gjaldeyristekjum en hefðbundinn sjávarútvegur, samanber mynd 32. Ef

útflutningstekjur fyrirtækja sem tengd eru sjávarútvegi eru hins vegar taldar með þá heldur sjávarútvegur sessi sínum sem mikilvægasta atvinnugreinin í útflutningstekjum hérlendis.



Mynd 33: Vönduð fiskvinnsla


Mynd 33 sýnir dæmi um vandaða fiskvinnslu þar sem eru framleiddar verðmætar afurðir. Hlutdeild í gjaldeyrisöflun, samanber fyrri mynd, segir ekki alla söguna. Það sem markar fyrst og fremst mikilvægi einstakra atvinnuvega er framleiðni þeirra, það er annars vegar hversu mikið er framleitt á hvern starfsmann, framleiðni vinnuafls, og hins vegar framleiðni fjármuna, það er hversu mikið er framleitt á hverja fjárfesta krónu sem er framleiddi fjármagns. Á Íslandi er framleiðni vinnuafls og fjármuna almennt lág, sérstaklega í þjónustu eins og í ferðaþjónustu.

Ástæðan fyrir góðum lífskjörum hérlendis er fyrst og fremst sú að hér er mikil atvinnuþátttaka og unnið er lengur í hverri viku en raunin er í sambærilegum löndum. Framleiðni í sjávarútvegi er góð hérlendis miðað við aðrar atvinnugreinar en framleiðni fjármagns í orkufrekum iðnaði er lág. Framleiðni vinnuafls og fjármuna í ferðaþjónustu er lítil hérlendis. Þetta undirstrikar mikilvægi sjávarútvegs í efnahagslífinu.

Fyrirtæki	Aðalstarfsstöð	Velta 2014 í milljörðum króna	Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af veltu 2014	Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af veltu 2013	Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af veltu 2012
Samherji	Akureyri	78,4	14,3%	24,5%	17,7%
HB Grandi	Reykjavík	33,2	16,9%	18,1%	7,6%
Síldarvinnslan	Neskaupstaður	21,4	28,2%	23,7%	29,3%
Ísfélag Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	12,4	23,4%	19,1%	18,9%
Vinnslustöðin	Vestmannaeyjar	11,7	9,6%	12,2%	16,2%
FISK Seafood	Sauðárkrókur	9,9	21,0%	14,9%	18,4%
Skinney-Binganes	Höfn í Hornafirði	9,8	18,4%	33,4%	
Vísir	Grindavík	8,8			
Brim	Rif og Reykjavík	8,0	-25,4%	8,6%	40,2%
Þorbjörn	Grindavík	7,9	7,5%		12,9%


Mynd 34: Tíu stærstu fyrirtækin í útgerð og fiskvinnslu árið 2014

Samherji ber höfuð og herðar yfir önnur hefðbundin fyrirtæki í sjávarútvegi, eins og sést glögg á mynd 34. Samherji hefur keypt sjávarútvegsfyrirtæki í Bretlandi, Færeyjum, Þýskalandi, Hollandi, Noregi, Póllandi og Spáni og er orðinn umsvifamikill á þýska sjávarútvegsmarkaðnum. Velta Samherja er jafnhá samanlagðri veltu hefðbundinna sjávarútvegsfyrirtækja í öðru til fimmta sæti, þ.e. HB Granda, Síldarvinnslunnar, Ísfélags Vestmannaeyja og Vinnslustöðvarinnar, samanber mynd 34.



Mynd 35: Tekjur og hreinn hagnaður í sjávarútvegi miðað við árgreiðslu 1980–2014 á verðlagi ársins 2015

Síðustu 35 ár var hagnaður í sjávarútvegi nær enginn að meðaltali fyrstu 25 árin, samanber mynd 35. Tekjur og hagnaður fyrirtækja í sjávarútvegi á föstu verðlagi hafa hins vegar aukist verulega frá árinu 2000 og á það bæði við um veiðar og vinnslu. 21. öldin hefur, það sem af er, verið íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum gjöful. Margt bendir til þess að það geti haldið áfram, ef vel er á málum haldið.




Mynd 36: Eignir og eigið fé í hefðbundnum sjávarútvegi 1983–2014 á verðlagi ársins 2015

Mynd 36 sýnir eignir og eigið fé í sjávarútvegi frá 1983 til 2014. Bankahrúnið árið 2008 veitti sjávarútveginum þungt högg en honum tókst að vinna sig út úr því og það tók um sjö ár að ná fyrri stöðu. Þróun gengis, fjármálaleg endurskipulagning og innkoma makrilsins í íslenska lögsögu áttu sinn þátt í velgengni sjávarútvegs hér á landi eftir hrún.


Eignir í sjávarútvegi voru 256 milljarðar króna árið 1983 á verðlagi ársins 2015 og jukust þær mikið fram að 2007, eða í um 700 milljarða króna á sambærilegu verðlagi, og höfðu þannig nær þrefaldast frá 1983. Þá lækkuðu þær vegna hrunsins og voru 575 milljarðar króna í lok ársins 2014 en til samanburðar eru fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2016 um 700 milljarðar króna.

Eigið fé er munurinn á eignum og skuldum, eða eignir umfram skuldir. Eigið fé fór úr 10 milljörðum árið 1983 í tæpa 190 milljarða króna árið 2014, sem er veruleg hækkun. Árið 2008 lækkaði eigið fé gífurlega og er í árslok 2008 neikvætt um 115 milljarða króna. Breyting milli árána 2007 og 2008 er rúmlega 300 milljarðar króna og sést vel á þessu hvílíkt feiknahögg bankahrúnið 2008 var. Það er fyrst og fremst vegna þess að skuldir í sjávarútvegi eru í erlendri mynt og þær tvöfölduðust í íslenskum krónum talið á nokkrum mánuðum vegna gengisfalls íslensku krónunnar. Eftir 2008 jókst eigið fé hratt og er í lok tímabilsins 186 milljarðar króna. Hafði það þannig náð sömu stöðu og fyrir bankahrúnið en fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki gengu í gegnum mikla fjárhagslega endurskipulagningu á þessum árum en afkoman á þessum tíma var einnig góð.



Mynd 37: Dreifing á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi frá 2001

Mynd 37 sýnir dreifingu á afkomu í frá 2001. Afkoma og eignastaða sjávarútvegsfyrirtækja sem slíkra segir oft ekki alla söguna þar sem dreifing afkomu, eigna og skulda getur verið mjög misjöfn. Sum fyrirtæki standa sig mjög vel á sama tíma og önnur fyrirtæki eru rekin með tapi. Ef dregnar eru saman niðurstöður í afkomu frá aldamótum kemur í ljós að um 45% af heildarfjölda fyrirtækja eru rekin með tapi, um 35%, eða rúmur þriðjungur, eru með nokkuð góða afkomu og um 20% eru með mjög góða rekstrarniðurstöðu, eins og sjá má á mynd 37.



Mynd 38: Framlag hefðbundins sjávarútvegs til landsframleiðslu 1973–2015

Mynd 38 sýnir framlag hefðbundins sjávarútvegs til landsframleiðslu frá 1973 til 2015. Framlag veiða og vinnslu til landsframleiðslu, sem er verðmætasköpun í hagkerfinu á einu ári, er um 9% en séu tengd fyrirtæki talin með þá skilar sjávarútvegurinn um 20% framlagi til landsframleiðslu sem gerir hann að mikilvægustu atvinnugrein landsmanna. Það vinna um 24 þúsund manns í sjávarútvegi, veiðum, vinnslu, við markaðsstarf, dreifingu og ýmsar framleiðslu- og þjónustugreinar sem sprottnar eru upp úr sjávarútvegi. Þetta er umtalsvert. Stærstu fyrirtæki Íslendinga í sjávarútvegi, Icelandic, sem er arftaki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og Samherji eru meðal 40 stærstu sjávarútvegsfyrirtækja heims.



Mynd 39: Björgun úr belgíska togaranum Pelagus við Vestmannaeyjar 21. janúar 1982

Óblíð náttúra var og er reyndar enn það erfiðasta sem menn þurfa að glíma við í tengslum við sjávarútveg á Íslandi, samanber mynd 39. Á öldum áður fórust mjög margir sjómenn þannig segir í annálum frá slæmu veðri 9. mars 1685 en þá drukknuðu 132 manns. Það lætur nærri að miðað við fólksfjölda nú á tímum svari það til tæplega 900 manns, eða að fjórar þotur fullar af Íslendingum færust á einum degi. Þetta er hlutfallslega margfalt fleiri en fórust í hryðjuverkaárásunum á tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Þessi slysadagur á 17. öld var þó alls ekki einsdæmi.




Mynd 40: Ingibjörg Brands sundkennari fylgist með stúlkum við sundkennslu í gömlu sundlaugunum í Laugardal í Reykjavík árið 1909

Miðað við fjölda sjómanna héraðs og í Noregi voru drukknarir sjómanna tíu sinnum algengari hér á landi en var við Noreg á sama tíma. Nokkuð var liðið á 20. öldina þegar slysavarnamál voru tekin föstum tókum hér á landi, m.a. með sundkennslu, samanber mynd 40. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur lyft grettistaki í björgun sjómanna og slysavörnum þeirra.



Mynd 41: Síldarstúlkan eftir Gunnlaug Blöndal frá 1934

Mynd 41 sýnir málverkið Síldarstúlkan eftir Gunnlaug Blöndal. Hluttur kvenna í sjávarútvegi hefur alltaf verið mikill, einkum í fiskvinnslu og markaðssetningu sjávarfangs, þótt hlut kvenna hafi ekki alltaf verið gefinn mikill gaumur. Í upphafi 20. aldar var heldur litið niður á þær konur sem voru til sjós en það breyttist fljótt. Nú starfa um 300 konur sem sjómenn að aðalstarfi, einkum á fiskiskipum og flutningaskipum, og er það um 8% af heildarfjölda sjómanna. Þegar leið á 20. öldina urðu skipin stærri og sjóferðir lengri, bæði veiðiferðir og ferðir með frakt. Sjómenn voru því lengi fjarverandi frá fjölskyldum sínum. Kom það fyrir að börn þekktu ekki föður sinn í sjón þegar hann kom í land þar sem hann var svo stopult hjá þeim.



Mynd 42: Úr rannsóknarstofu Lýsis

Mynd 42 sýnir konu að störfum í rannsóknastofu fyrirtækisins Lýsis. Konur í sjávarútvegi stunduðu ekki aðeins sjósókn í nokkrum mæli heldur önnuðust þær miklu oftar vinnslu aflans í landi. Þegar fiskvinnsla varð stóriðja Íslendinga á 20. öld átti það sér fyrst og fremst stað vegna mikillar atvinnuþátttöku kvenna, einkum í frystihúsum. Á tímabili voru við lýði lög sem kváðu á um að helmingur af launum giftra kvenna skyldi vera skattfrjáls til að laða konur út á vinnumarkaðinn. Í smábátaútgerðinni er reyndar algengt að konan sjái um allt í landi og sé í raun framkvæmdastjóri fyrirtækisins þótt hún sé ekki alltaf skráð sem slík. Nú starfar Félag kvenna í sjávarútvegi og er það dæmi um breytta tíma.

Þekking er undirstaða lífshjara framtíðarinnar og verja þarf mun meira fé til menntunar og rannsókna innan háskóla og stofnana á sviðum sjávarútvegs. Slíkt má auðveldlega fjármagna með veiðileyfagjaldi. Um leið þarf að tryggja opinberum stofnunum sjávarútvegs nauðsynlegt fé til rekstrar. Sterk umgjörð og innviðir hafa gríðarlega mikið að segja fyrir hagkvæma nýtingu auðlindar sem á allt undir náttúruöflunum.

Atvinnuhættir heimsins eru að gerbreystast, meðal annars með aukinni sjálfvirkni og vélmennum. Mjög mörg störf munu hverfa á næstu áratugum, meðal annars í frumvinnslu sjávarfangs, en störfum sem krefjast aukinnar menntunar mun fjölga. Brýnt er því að gera sér vel grein fyrir hvernig tækniþróunin verður í sjávarútvegi á heimsvísu næstu áratuginna.

Íslenskur sjávarútvegur stendur sig vel á alþjóðavísu og mikil gróska er í tengdum greinum og framleiðslu nýrra afurða í hátækniatvinnugreinum. Það ber því að hlúa sérstaklega að mannauðnum og nýsköpun einstaklinga og fyrirtækja og gera það í meira mæli en nú er gert.

Samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs er sterk í alþjóðlegu samhengi. Sjávarútvegur leggur til stóran hluta af lífskjörum landsmanna, beint og óbeint, og meira en aðrar atvinnugreinar gera, og hlutfallslega mun meira en sjávarútvegur erlendis gerir í einstökum þjóðríkjum. Mikilvægt er því að standa vörð um þessa mikilvægu atvinnugrein sem gerði Íslendinga að velmegandi þjóð á 20. öld. Réttnefni er að kalla 20. öldina á Íslandi öld sjávarútvegsins.

Í nútímaefnahagslífi skiptir fjölbreytt atvinnulíf öllu fyrir lífskjörin. Á síðustu öld var lífið í þessu landi fiskur. Þær aðstæður eru auðvitað breyttar en sjávarútvegurinn er og verður áfram hryggjarstykkið í efnahagslífi þessarar þjóðar og mun gegna mikilvægu hlutverki í nýrri atvinnuháttabyltingu á 21. öldinni.